



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Pórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>

Re: Skipulag, ósk umsögn - vindbú í Garpsdal í Reykhólahreppi

Sent: 07-11-2019 10:46:01 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019100033, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019100033

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Reykhólahrepp, dags. 17. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 vegna vindorkugarðs í Garpsdal. Eins og kemur fram í gögnum málsins er fyrirhugaður vindorkugarður háður mati á umhverfisáhrifum og er gert ráð fyrir að endanlegt skipulag mótist af niðurstöðu matsins.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsingu og telur að í henni komi fram flest það sem fjalla þarf um í skipulagsferlinu. Rétt er að benda á að vísað er til rangra válista í heimildaskrá, sjá nánar hér að neðan. Einnig má benda á að almennt er ekki ástæða til að fjalla um niðurstöður rannsókna eða kannana vegna mats á umhverfisáhrifum, sem ekki hafa verið birtar, í skipulags- og matslýsingu en t.d. segir í kafla um gróður og vatn að ekki sé vitað um válistaplöntur á svæðinu.

Náttúrufræðistofnun vill almennt benda á eftirfarandi en sumt af því sem þar er nefnt hefur komið fram í skipulags- og matslýsingunni:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig hún samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almennarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif þeirra m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Vegna frekari vinnslu aðalskipulagsins vill Náttúrufræðistofnun einnig benda á eftirfarandi gögn sem geta komið að notum: Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>, og Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf. Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/>. Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Nái tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Það skal því ítrekað að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>

Finna upplýsingar um 61. gr. laga um náttúruvernd hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>

Yfirlit yfir válista má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til gera frekari athugasemdir á þessu stigi en áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins verði þörf á því.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Þórður Már Sigfússon <skipulag@dalir.is>
Dags: 10/17/2019 05:12:32 PM
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Efni: Skipulag, ósk umsögn - vindbú í Garpsdal í Reykhólahreppi

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabæ

Góðan daginn,

óskað er eftir umsögn um skipulags- og matslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreytingin felst í að skilgreina óbyggt svæði sem iðnaðarsvæði: **I5 Vindbú í Garpsdal**. Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem óbyggt svæði ofan 200 m.y.s. í gildandi aðalskipulagi. Það svæði sem áætluð skilgreining tekur til er um 3,3 km² að stærð og er í um 500 m.y.s.

Gögn skipulags- og matslýsingar fyrir breytingu aðalskipulagsins er að finna í viðhengi:

Umsögnum skal skilað skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa, í síðasta lagi 8. nóvember 2019, Miðbraut 11, 370 Búðardal eða á netfangið skipulag@dalir.is merkt „GarpsdalurVindbú“.

Mbk,

Þórður Már Sigfússon

Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi
Netfang / email: skipulag@dalir.is